

Nd.

530. Frumvarp

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

Frá nefndinni í málinu: Beiðni frá Páli Torfasyni um einkarjett til saltgerðar o. fl.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Páli Júlíusi Torfasyni í Reykjavík einkarjett um 30 ár til að vinna salt og fleiri efni úr sjó, hvort heldur með fossafli, gufuafli eða rafmagni, með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki stjórnarráðs að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar 5 ár eru liðin frá dagsetning einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara.

Nú er fyrirtækið að visu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp einkaleyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Landsstjórnin hefir rjett til að skipa eftirlitsmenn með stofnun og rekstri fyrirtækisins og greiðist allur kostnaður við slíkt eftirlit af leyfishafa.

5. gr.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 5%.

Getur landsstjórnin hækkað hundraðsgjald þetta um alt að helmingi að 10 árum liðnum frá byrjun fyrirtækisins.

Ennfremur greiðir leyfishafi frá byrjun 1 krónu af hverri smálest af salti, er fyrirtæki hans framleiðir, og samsvarandi gjald af öðrum eignum eftir verðmæti. Gjald þetta má hækka allt að helmingi eftir 10 ár.

6. gr.

Eigi má undanþiggja leyfishafa tollum þeim, farmgjöldum eða sköttum, sem á hverjum tíma gilda, nema með sjerstökum lögum sje. Þó má eigi leggja útflutningsgjald á vörur þær, er leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landsstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins, með því verði, er dómkvaddir menn meta.